

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Hurðarbak Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	Rakel Sigurveig Kristjánsdóttir
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Gunnlaugur Halldórsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit Matfugls hjá Umhverfisstofnun en rekstraraðili hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands sem gildir frá 18. desember 2008 til 18. desember 2020. Eftirlit færðist yfir til Umhverfisstofnunar með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir 1. júlí 2017. Þrjú frávik komu fram frá starfsleyfi og einnig er einni ábendingu komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á skoðunarferð um búið með bústjóra. Labbað var umhverfis búið og að mykjugeymslu. Bilar sem eru óskráðir og eru ekki í notkun standa við húsið og safna þar ryði. Skv. rekstraraðila er um að ræða bíla frá gamla þotabúinu. Olíugámur á svæðinu er þá ekki með árekstrar-eða lekavörn. Eintak af starfsleyfiskilyrðum var ekki að finna á svæðinu.

Eftir skoðunarferð var farið á fund með rekstraraðila þar sem rædd voru ákvæði í starfsleyfiskilyrðum. Leyfi er nú fyrir 80. þús fuglum samtímis en nú í dag er tæplega 60 þús. Húsin eru tvö og er þeim báðum skipt niður í tvö hólf. 17-19 þús. fuglar eru nú í þremur af fjórum hölfum. Rekstraraðili talaði um að erfitt væri að halda til haga upplýsingum á hvaða jarðir dreifing á skít færi fram en skv. starfsleyfi skal endurnýta allan skít sem áburð. Auk þess er skítur frá alifuglabúi Matfugls að Melavöllum færður að Hurðarbaki. Rekstraraðili óskaði eftir frekari upplýsingum hvernig skráning á dreifingu væri krafist af stofnuninni. Auk þessa var rætt fóðurgjöf, vöktunarmælingar og geymsla dýrahraja.

Frávik frá

grein 2.6 í starfsleyfiskilyrðum

Lýsing á frávikum

Olíugeymar og tankar á svæðinu skulu búnir árekstrar- og lekavörn.

grein 1.5 í starfsleyfiskilyrðum

Eintak af starfsleyfinu skal ávallt tiltækt í fyrirtækinu og kynna starfsmönnum ákvæði þess. Skv. bústjóra var starfsleyfi ekki á svæðinu né honum verið kynnt ákvæði þess.

grein 2.2 í starfsleyfiskilyrðum

Bílar frá gömlu þotabúi standa nú við mykjutank og er hætta af mengun frá þeim í jarðveg vegna olíu/rafgeyma. Ekkert skal geymt á lóðinni óviðkomandi rekstrinum.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðila er bent á að vera tímanlegja í að sækja um endurnýjun á starfsleyfi þar sem núverandi leyfi er í gildi til 8. desember 2020.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.08.2018



Einar Halldórsson